

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 1. tbl. 12. árg

Ágúst 2022

Komið þið sæl og velkomin í skólann 2022-2023



Nú á nýju skólaári bjóðum við alla hjartanlega velkomna í hópinn okkar í Glerárskóla. Komandi skólaár verður að mörgu leyti ólíkt hefðbundnu ári því farið verður í framkvæmdir við A-álmu Glerárskóla og hún endurbyggð á næstu tveimur árin.

Þetta gerir að verkum að nemendur í 8. - 10. bekk sinna námi sínu að megninu til í Rósenborg þar til framkvæmdum lýkur. Allt skipulag er að komast í rétt horf og reynum við að hnýta flesta lausa enda á komandi dögum. Vegna þess hversu knappur tíminn er náum við ekki að hefja skóla hjá nemendum í 8. -10. bekk fyrr en miðvikudaginn 24. ágúst en skólasetning verður samt á sínum stað hjá nemendum 2. - 10. bekkjar mánudaginn 22. ágúst 2022 (sjá skipulag hér neðar). Eins og gefur að skilja eigum við að sjálfsögðu eftir að reka okkur á eitthvað smálegt sem betur má fara þegar við höldum af stað inn í skólaárið, en þá leysum við það í sameiningu eins og best verður á kosið.

Þrátt fyrir framkvæmdir og flutninga látum við faglega þáttinn í skólastarfinu ekki frá okkur. Kennarar vinna áfram að því að efla læsi og gera námsmat virkara, taka lykilhæfni inn í nám og mat á því, auk þess sem við vinnum að því að efla þátttöku nemenda í meðvitund á eigin námi.

Við reynum okkar besta við að kenna nemendum Glerárskóla að taka ábyrgð á eigin lífi og gjörðum, leita lausna á verkefnum sem upp koma í lífi þeirra og sýna umhyggju og kærleika gagnvart hverjum öðrum. Til þess nýtum við jákvæðan aga sem reynst hefur okkur vel síðastliðin 14 ár.

Auk alls þessa viljum við standa fyrir því að skólinn og nærumhverfi hans sé meðvitað um umhverfismál, umgengni og endurnýtingu, enda er Glerárskóli stoltur grænfánaskóli til margra ára.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk vikupósta frá kennurum.

Við þökkum öllum fyrir góða samvinnu á liðnum skólaárum og förum full bjartsýni inn í komandi skólaár, handviss um að það verði gott með öllum framkvæmdum og breytingum sem það ber með sér. Í sameiningu og með jákvæðni tekst okkur að skapa frábæran skóla fyrir krakkana okkar svo þeir styrkist og eflist með hverju skrefi.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Skólasetning Glerárskóla 2022-2023

Skólasetning Glerárskóla verður **mánudaginn 22. ágúst 2022** í íþróttasal skólans.

Skólasetningin verður sem hér segir:

2. - 4. bekkur kl. 9:00
5. - 7. bekkur kl. 10:00
8. - 10. bekkur kl. 11:00



Að setningu lokinni fara nemendur með umsjónarkennurum í stofur og fá upplýsingar um skólastarfið.

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar verða boðaðir til viðtals þann 22. ágúst 2022.

Priðjudaginn 23. ágúst 2022 hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 7. bekk.

Miðvikudaginn 24. ágúst hefst skólastarf hjá 8. - 10. bekk

Nokkrar hagnýtar upplýsingar í skólabyrjun

Skólahúsnæði Glerárskóla/Rósenborgar opnar klukkan **7:50 á morgnana**.

Vinsamlega virðið þann opnunartíma og sendið ekki nemendur of snemma af stað í skólann.

Skóladagur hefst klukkan 8:15 á morgnana hjá 1. - 7. bekk en nemendur í 8. - 10. bekk taka rútu sem fer stundvíslega kl. **8:00** frá Glerárskóla. Skóladagur þeirra hefst kl. 8:10.

Skóla lýkur kl.13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15.

ATH! Staðfesta þarf skráningu nemenda í frístund fyrir 20. hvers mánaðar.

Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á mikilvægi þess að börnin séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift. **Bendum einnig á að Glerárskóli er nú hnetulaus skóli.**


Nemendum er ekki leyfilegt að yfirgefa skólalóðina á skólatíma.

Matartímar eru þrískiptir í skólanum frá kl. 11:10 og allt til kl. 13:00.

Allar upplýsingar um skráningar í mötuneyti, ávaxta - og mjólkuráskrift er hægt er að fá hjá ritara (sjá pósta frá ritara).

Áskriftin kostar eftirfarandi:

Annaráskrift kr. 9.663 (pr. mánuð)



Mjólkúráskrift kr. 1.877 (pr. mánuð)

Ávaxtaáskrift kr. 830 (pr. mánuð, heill ávöxtur á dag)

Veðurfar á haustin er oft með ýmsum hætti hér á Íslandi eins og við öll vitum. Þessa fyrstu mánuði skólaársins fara nemendur mikið út, bæði í kennslu og að sjálfsögðu í frímínútum. Við biðjum forráðamenn að sjá til þess að nemendur séu klæddir eftir veðri og að alltaf séu aukaföt í skólatöskunni, sérstaklega ef mikil bleyta er úti.

Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að **Infomentor** en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. Infomentor opnar fyrir forráðamenn þann 22. ágúst 2022. Á heimasíðu Glerárskóla, undir flípanum Foreldrar, má finna notendahandbók Infomentor fyrir aðstandendur nemenda.

Innganga nemenda í skólann verður á tveimur stöðum frá og með skólabyrjun:

Inngangur við B-álmu: 1. - 4. bekkur

Inngangur við íþróttahús: 5. - 7. bekkur og 8. - 10. bekkur (þegar við á)

Hnetulaus Glerárskóli

Frá og með komandi skólaári verður Glerárskóli hnetulaus skóli. Í okkar frábæra hóp nemenda hefur bæst við barn sem er með bráðaofnæmi fyrir hnetum og stígum við því skrefið og verðum hnetulaus skóli að fullu.

Við biðjum forráðamenn að passa vel að börnin komi **EKKI** með fæðu í skólann sem inniheldur hnetur en í lagi er að um snefilefni/slóð sé að ræða.

Það skiptir okkur miklu máli að passa vel upp á alla og bráðaofnæmi er stórhættulegt ef á það reynir.

Tökum því höndum saman og pössum að engar hnetur komi inn fyrir veggi skólans.



Umsjónarkennarar og stofur 2022-2023

Skólaárið 2022-2023 verður umsjón og stofuskipan með eftirfarandi hætti:

1. bekkur - **B6 og B8**: Anna Sigríður Halldórsdóttir og Lovísa Rut Stefánsdóttir
2. bekkur - **B5 og B7**: Ingibjörg Björnsdóttir og Heimir Freysson
3. bekkur - **B4**: Hulda Björk Snæbjörnsdóttir
4. bekkur - **D2 og D4**: Helga Ingadóttir og Hólmfríður Guðnadóttir
5. bekkur - **D6 og D8**: Elín Magnúsdóttir og Esther G. Gestsdóttir
6. bekkur - **D9**: Íris Dröfn Hafberg
7. bekkur - **D1 og D3**: Guðrún Þóra Björnsdóttir og Jóhann Ingi Einarsson
8. bekkur - Rósenborg - **R1+R3**: Karen Jóhannsdóttir og Sveinn Leó Bogason
9. bekkur - Rósenborg - **R5+R7**: Anna Guðrún Jóhannesdóttir og G. Sigríður Víkingsdóttir
10. bekkur - Rósenborg - **R5+R6**: Fríða Pétursdóttir og Ragnar Logi Búason



Reglur um farartæki á hjólum

Eftir misgóða sumartíð, vonum við að haustið verði ljúft svo nemendur geti nýtt sér farartæki á hjólum til að koma í skóla og fara heim úr skóla. Við viljum minna á þær reglur sem um slík farartæki gilda og finna má á heimasíðu skólans.



Allir nemendur skulu nota hjálma og eingöngu nýta farartækin til að koma í og fara heim frá skóla. Einnig skal brýna fyrir nemendum að **setja hjólin í hjólagrindur og alls ekki beint fyrir framan innganga að skólanum.**

Við bendum forráðamönnum á að ef nemendur eru á leiguhlaupahjólum, sem nú er hægt að leigja hér á Akureyri, eru þeir alfarið á ábyrgð forráðamanna þar sem aldurstakmark á þeim hjólum er 18 ár.

Sjá má á heimasíðu skólans myndband með reglum um notkun rafhlaupahjóla frá Samgöngustofu og reglur skólans um notkun farartækja á hjólum.

Bendum sérstaklega á að nú eru miklar framkvæmdir á döfinni í kringum Glerárskóla og því enn meira um vert að brýna fyrir börnunum að fara eftir reglum, fara varlega og sýna mikla aðgát.

Framkvæmdir í Glerárskóla - A-álma

Á komandi skólaárum verður farið í gagngerar endurbætur á A-álmu (elstu álmu) skólans. Hefjast þær mjög fljótlega og taka tvö næstu skólaár.

Tengigangur skólans verður breikkaður og útbúið skrifstofu og ritaraaðstaða en einnig verður grafið frá A-álmu báðum megin. A-álma verður þar með tveggja hæða þegar framkvæmdum er lokið þar sem neðri hæðin verður gerð að 1. hæð með því að grafa alveg frá henni, setja glugga í eðlilegri hæð og hurðir út.

Það eru því miklir þungaflutningar á lóðinni framundan og allan næsta vetur verður mikið um iðnaðarmenn og umferð til og frá skólanum. Þeir sem verða við vinnu í álmunni aka inn og út um efri aðkeyrslu að bílastæði sunnan skólans og fara þaðan inn á byggingarsvæði sem verður afgirt í kringum A- álmuna, allt frá inngangi að austan og að C-álmunni (starfsmannaálmu). Aðgengi að skólanum verður báðum megin við byggingasvæðið fyrir gangandi (hjólandi) nemendur en við minnum forráðamenn á að nota sleppisvæðið ef nemendum er ekið í skólann eða bílastæða ofan leikskóla en biðjum alla að nýta ekki bílastæðið sunnan skólans til að sleppa nemendum út.

Þar sem framkvæmdir verða í gangi allt skólaárið þurfa nemendur, forráðamenn og starfsfólk að birgja sig upp af þolinmæði og þrautseigju fyrir starfið á komandi vetrum. En uppskeran verður ríkuleg og því er fyrir þreyttan að þola þar til endurnýjuð og glæsileg álma verður tekin í notkun.

Skipulag skólastarfs í Rósenborg/Glerárskóla - 8. - 10. bekkur

Skólaárið 2022-2023 verður 8. - 10. bekk aðallega kennt í Rósenborg. Þó mun íþrótt- og sundkennsla fara fram í Glerárskóla auk þess sem valgreinar eru kenndar víða á Akureyri. Breyting verður á ýmsu fyrirkomulagi til að allt gangi smurt fyrir sig og kemur það helsta hér:

Tímasetningar í Rósenborg:

Skóli hefst **kl. 8:10** á morgnana og stendur til 12:35 en þá er matartími. Klukkan 13:15 hefst kennsla á ný og stendur mislengi fram á dag eftir því hvaða valgreinum nemendur sinna. Á miðvikudögum er skóli til 13:45.

Rútur:

Rúta fer á hverjum morgni frá Glerárskóla upp í Rósenborg **kl. 8:00**. Rúta fer frá Rósenborg út í Glerárskóla fjóra daga vikunnar kl. 12:35 eða 13:45. Þegar nemendur eru í íþróttum og sundi verða rútuferðir aðlagðar að þeim bæði til og frá Glerárskóla/Rósenborg.

Rútur stoppa á bílplani milli íþróttahallar og Brekkuskóla og þaðan ganga nemendur niður í Rósenborg.

Ef nemendur missa af rúttunni verða þeir að koma sér sjálfir í skólann.

Matartími:

Nemendur fá mat kl. 12:45 í Glerárskóla alla daga nema miðvikudaga. Á miðvikudögum snæða nemendur í Brekkuskóla kl. 12:35 en þann dag er kennsla í Rósenborg til kl. 13:45.

Valgreinar:

Nemendur þurfa sjálfir að koma sér í valgreinar líkt og áður.



Skipulag skólastarfs í Glerárskóla 2022-2023 - 1. - 7. bekkur

Skólaárið 2022-2023 verður 1. - 7. bekkur staðsettur í Glerárskóla í tveimur álmum, B og D. Þar verða einnig kenndar list- og verkgreinar ásamt því að Frístund fær sitt svæði.

Vegna framkvæmda þurfum við að þjappa okkur saman og nýta hugmyndaauði í skólastarfi nú meira en nokkru sinni.

Staðsetning í álmunum verður eftirfarandi:

B-álma:

B1 og B3 - Frístund

B2 - List- og verkgreinar

B4 - 3. bekkur

B5 og B7 - 2. bekkur

B6 og B8 - 1. bekkur

D-álma:


D1 og D3 - 7. bekkur

D2 og D4 - 4. bekkur

D5 og D7 - List- og verkgreinar

D6 og D8 - 5. bekkur

D9 - 6. bekkur



„Ég átti erfitt með hverja mínútu af æfingatíma mínum, en ég sagði við sjálfan mig: „Ekki hætta, þjáðust núna og lifðu restina af lífinu eins og meistari.”

Höf. Muhammad Ali

Helstu atburðir í ágúst og september 2022

Ágúst 2022	
22. ágúst	Skólasetning
23. ágúst	Skóli hefst samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 7. bekk
24. ágúst	Skóli hefst samkvæmt stundaskrá hjá 8. - 10. bekk
25. ágúst	6. bekkur Húni II
30. ágúst	útivistardagur - skólastarf frá 8:15 - 12:00 - Frístund opin
September 2022	
8. september	Dagur læsis
16. september	Dagur íslenskrar náttúru
26. september	Evrópski tungumáladagurinn

„Lif þitt verður ekki betra en áætlanir þínar og athafnir.
Þú ert húsasmeistari og smiður lífs þíns, gæfu þinnar og örlaga.”
Höf. A.A.M.

Þátttaka í verkefnum Erasmus+

Glerárskóli heldur áfram þátttöku í Erasmus+ verkefnum sem styrkt eru af Evrópusambandinu. Nú er jafnréttisverkefnið We All Equale One á lokametrunum, en áfram höldum við með hið frábæra umhverfisverkefni Be a Shield Around the World

Be a Shield Around the World er verkefni nemenda og kennara í umhverfismálum og ásamt Íslandi taka þátt skólar frá Danmörku, Austurríki, Rúmeníu, Ítalíu og Grikklandi.

Líðið vor fóru fjórir nemendur og tveir kennara til Danmerkur í ferð sem var glæsileg í alla staði. Næsta ferð verður dagana 25. - 30. september



til Grikklands en þangað fara einnig fjórir nemendur og tveir kennarar. Þar á eftir er ferð til Austurríkis í desember en meira kemur um hana síðar.
Ferðin til Grikklands verður áhugaverð og áður en farið verður í hana klárum við nokkur verkefni sem tengjast umhverfismálum.
Það verður gaman að fá að heyra allt um ferðirnar en ráð er fyrir því gert að bæði starfsfólk og nemendur kynni ferðir sínar fyrir samstarfsfólki og samnemendum.

„Lífið er ekki þeir dagar sem liðnir eru
heldur þeir sem við munum eftir.”

Höf. Pavlenko

Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.
Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í **1-2 daga** þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. **Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.**

Ef um **3 daga** eða lengri leyfi er að ræða þarf að **sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans.**

Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Minnum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á InfoMentor.
Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. **Athugið að skrá/tilkynna þarf veikindi daglega.**



Húnaferð 6. bekkinga

Miðvikudaginn 25. ágúst 2022 kl. 11:30 fara 6. bekkingar í árlega sjóferð með Húna II. Sjóferðin er í boði Hollvina Húna, Háskólans á Akureyri og Fræðslusviðs Akureyrarbæjar.

Ferðir með Húna II eru afskaplega skemmtilegar og fræðandi fyrir krakkana og því þakkarvert að fá að fara í slíkar ferðir.

Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur frá umsjónarkennurum.



Breyting á stundatöflu

Vegna nýrra kjarasamninga verða eftirfarandi skóladagar til kl. 12:00 hjá nemendum.
Fyrir 1. - 4. bekkjar nemendur sem eru skráðir í Frístund þann daginn, opnar hún kl. 12:00

Þessa daga.

Útivistardagur 30. ágúst 2022

Þemadagar 10. og 11. nóvember 2022

Útivistardagur 15. mars 2023

Athugið að dagsetningar útivistardaga gætu breyst vegna veðurs.

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

